

Til Skipulagsdeildar Kópavogs

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Digranesheiði 45

Sem íbúar í Tunguheiði 4 vilja undirrituð koma á framfæri athugasemdum okkar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Digranesheiði 45.

Ljóst er að með breytingu úr einbýli í fjórbylí mun umferðapungi og bílastæðaskortur í Tunguheiði aukast til muna. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir einum bíl á íbúð eru allar líkur á að fjöldi bíla verði 2 per íbúð að jafnaði. Fyrir litla götu er það gífurleg aukning. Í Tunguheiði er 30 km hámarkshraði. Gatan er hins vegar notuð sem „hraðbraut“ milli Digranesheiðar og Álfhólsvegjar þar sem engin hraðahindrun er staðsett hér, hins vegar eru tvær í Skálaheiði. Hraðinn á ökutækjum sem fara hér um fer því oft vel yfir 30 km. Mörg börn eiga leið í gegnum Tunguheiði og er aukin umferð mikil ógn fyrir þau. Auk þess er hægri regla í götunum tveimur út frá Tunguheiði (Lyngheiði og Melheiði) og eru þær oftast en ekki virtar að vettugi. Ef fjórbylí á að rísa við Digranesheiði 45 þarf meðfram því að fara í framkvæmdir í Tunguheiði til að auka öryggi götunnar fyrir íbúa og aðra sem eiga hér leið um. Hraðahindrun/-anir þurfa að vera settar upp, biðskylda sett við Lyng- og Melheiði eða Tunguheiði gerð að botnlanga við enda Digranesheiðar. Viljum við því hvetja bæjaryfirvöld til þess að huga að öllum hliðum.

Þar sem Tunguheiði er lítil gata liggur beint við að um fá gestabílastæði er að ræða. Oft er lagt beggja vegna við götuna sem skapar hættu fyrir gangandi vegfarendur. Með nýju fjórbylí mun sá vandi ekki skána og valda öðrum íbúum og gestum þeirra vandkvæðum.

Við viljum einnig koma því fram að þar sem umrædd lóð tilheyrir Digranesheiði væri eðlilegast að innkeyrsla lóðarinnar væri frá Digranesheiði en ekki Tunguheiði. Væri þá einnig eðlilegt að um væri að ræða einbýli, par- eða raðhús í samræmi við götumynd Digranesheiðar.

Ekkert er talað um framkvæmdir á lóðamörkum Digranesheiðar 45 og Tunguheiðar 4 enda fékkst ekki samþykki fyrir því þrátt fyrir mikinn þrýsting frá framkvæmdaraðilum. Í kynningarbréfi sem sent var til lóðarhafa er talað um stakstætt skýli fyrir tvo bíla og hjól en á teikningum eru bílastæðin alls sex. Hluti bílastæðanna eru á lóðamörkum en ekki er gert grein fyrir því hvort eða hvernig framkvæmdin mun hafa áhrif á lóðamörk. Eitt bílastæðanna er líka mjög nálægt svefnherbergjum tveggja íbúða í Tunguheiði 4 sem er íþyngjandi fyrir íbúa þess. Ekki er heldur gert grein fyrir frágangi á lóðamörkum og hvort að rask verði á lóð Tunguheiði 4 og þá með hvaða hætti.

Auk fyrrnefndra atriða viljum við sérstaklega nefna að vegna framgangs framkvæmdaraðila á fyrri stigum þessa máls er traust til þeirra af skorum skammti og eru íbúar Tunguheiði 4 þess vegna með efasemdir gagnvart framkvæmdunum og framkvæmdaraðilunum sjálfum. Símhringingar, bankað upp á í tíma og ótíma og á einum tímapunkti, setið fyrir undirritaðri og barnungri dóttur hennar fyrir utan heimili þeirra með teikningar og orð hennar hundsúð þegar hún sagðist ekki geta farið yfir þessi mál með þeim. Þessi atvik urðu til þess að íbúar að Tunguheiði 4 vilja setja fyrirvara við framkvæmdir við Digranesheiði 45.

Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Virðingarfyllt,

Lára Hrönn Hlynisdóttir og Valur Árni Guðmundsson

Tunguheiði 4, Kópavogi.